

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2193****2021/EES/37/12****frá 16. desember 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar kröfur um hæfni og þjálfunaraðferðir fyrir flugliða og að því er varðar tilkynningu atvika í almenningssflugum sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 23. gr. (1. mgr.), 27. gr. (1. mgr.) og 72. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur um þjálfun, prófanir og mat á hæfni fyrir veitingu flugmannsskírteina.
- 2) Í aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) hefur samþykkt skv. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, kemur fram að höfuðmáli skiptir að starfsfólk í flugi búi yfir viðeigandi hæfni og að aðlaga þurfi þjálfunaraðferðirnar til að tryggja að starfsfólkið ráði við nýtilkomna tækni og sífellt flóknara flugkerfi.
- 3) Árið 2013 gaf Alþjóðflugmálastofnunin (ICAO) út „Handbók um gagnadrifna flugþjálfun“ (skjal 9995 AN/497) sem felur í sér heildarhæfnirammann („grunnhæfnipætti“) með samsvarandi lýsingum og tilheyrandi atferlisvísimum til að meta þá hæfnipætti sem ná yfir það sem áður var þekkt sem tækniþekking og þekking sem ekki er tæknileg eðlis varðandi þjálfun flugmanna, færni og viðhorf. Í þessari nýju aðferð er inntak þjálfunarinnar aðlagað að raunverulegri hæfni sem er nauðsynleg fyrir örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu í umhverfi flutningaflugs.
- 4) Markmið gagnadrifinnar flugþjálfunar (e. *evidence-based training* (EBT)) er að bæta öryggi og auka hæfni flugliða til að starfrækja loftfarið á öruggan hátt að því er varðar alla þætti flugs auk þess að gera kleift að auðkenna og hafa stjórn á óvæntum aðstæðum. Hugmyndin að baki gagnadrifinni flugþjálfun er sú að gera sem mest úr því að tileinka sér þekkingu en draga úr vægi formlegra prófa.
- 5) Búist er við því að samræming reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ⁽³⁾, að því er varðar tilkynningu atvika í almenningssflugum sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, auki réttarvissu, styðji við eftirlit Flugöryggisstofnunarinnar með stöðlun á sviði tilkynningar atvika og styðji við innleiðingu árangursríkra tilkynningarkerfa fyrir atvik sem hluta af öryggisstjórnun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 434, 23.12.2020, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningssflugum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjttíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningssflugum sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjttíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það.
- 7) Flugöryggisstofnunin hefur samið drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit nr. 08/2019 ⁽⁴⁾ í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 8) Samningaviðræður milli Sambandsins og tiltekinna þriðju landa standa enn yfir, þ.m.t. um umbreytingu á flugmannsskírteinum og tengdum heilbrigðisvottorðum. Til að tryggja að aðildarríki geti haldið áfram að viðurkenna skírteini frá þriðju löndum og heilbrigðisvottorð á millibilstímabili, í ljósi þessara viðræðna, er nauðsynlegt að framlengja tímabilið sem aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 á yfirráðasvæði sínu að því er varðar flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu loftfara sem ekki er í ábataskyni.
- 9) Enn fremur ætti að samræma breytingarnar á 1. viðbæti við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, sem voru innleiddar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1974 ⁽⁵⁾ og sem koma til framkvæmda frá og með 31. janúar 2022, við breytingarnar á þeim viðbæti sem voru innleiddar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/359 ⁽⁶⁾.
- 10) Einnig ætti að breyta reglugerðinni til að leiðrétta tilteknar tæknilegar villur, sem voru í fyrri breytingum, ásamt því að veita nánari útskýringar á tilteknum ákvæðum.
- 11) Breytingar að því er varðar grunnblindflugsáritun ættu að koma til framkvæmda sama dag og tengd ákvæði reglugerðar (ESB) 2020/359, þ.e.a.s. 8. september 2021.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 4. mgr. 12. gr. kemur „20. júní 2022“ í stað „20. júní 2021“.
- 2) Ákvæðum I., VI. og VII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæði I. og VI. viðauka eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistökudagur og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði r-liðar 1. liðar I. viðauka og a-liðar 1. liðar II. viðauka koma til framkvæmda frá og með 8. september 2021 og ákvæði p-liðar 1. liðar I. viðauka koma til framkvæmda frá og með 31. janúar 2022.

⁽⁴⁾ <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1974 frá 14. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjútíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 1).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/359 frá 4. mars 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjútíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 82).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., VI. og VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi skilgreiningar eru felldar inn í FCL.010:

- i. „„flugrekandi gagnadrifinnar flugþjálfunar“: fyrirtæki sem er handhafi flugrekandaskírteinis (AOC) í samræmi við III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og sem hefur innleitt áætlun um gagnadrifna flugþjálfun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar,“
- ii. „„mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar“: aðferð til að meta frammistöðu sem miðar að því að sannprófa heildarframmistöðu á grundvelli hæfnipáttar; það á sér annaðhvort stað í raunverulegu starfræksluumhverfi eða umhverfi þar sem líkt er eftir því,“
- iii. „„áætlun um gagnadrifna flugþjálfun“: áætlun fyrir mat og þjálfun flugmanna í samræmi við ORO.FC.231 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012,“
- iv. „„blönduð áætlun um gagnadrifna flugþjálfun“: reglubundin áætlun flugrekandans um þjálfun og próf, sem kveðið er á um í ORO.FC.230 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, þar sem hluti hennar er tileinkaður notkun gagnadrifinnar flugþjálfunar en sá hluti kemur þó ekki í stað hæfniprófa sem kveðið er á um í 9. viðbæti við þennan viðauka.“

b) Eftirfarandi g-liður bætist við í FCL.015:

„g) Taka skal tillit til þjálfunar, sem lokið er við í loftfari eða flughermisþjálfa í samræmi við III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, að því er varðar kröfur um reynslu og framlengingu gildistíma sem ákvarðaðar eru í þessum viðauka (FCL-hluta).“

c) Eftirfarandi 4. liður bætist við í a-lið FCL.035:

„4) Telja má með alla tíma sem flognir eru í flugvélum eða ferðavélsvifflugum, sem falla undir ákvörðun aðildarríkis sem tekin er í samræmi við a- eða c-lið 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 eða sem falla undir gildissvið I. viðauka við þá reglugerð, til að uppfylla kröfurnar um fartíma í 1. lið a-liðar FCL.140.A og ii. lið 1. liðar b-liðar FCL.740.A í þessum viðauka, að því tilskildu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- i. viðkomandi flugvél eða ferðavélsviffluga er af sömu gerð og í sama flokki og loftfarið samkvæmt FCL-hluta að því er varðar tímana sem flognir eru sem telja á með,
- ii. að því er varðar þjálfunarflug með kennara, að flugvélin eða ferðavélsvifflugan, sem er notuð, sé háð heimildinni sem er tilgreind í ORA.ATO.135 í VII. viðauka (ORA-hluta) eða DTO.GEN.240 í VIII. viðauka (DTO-hluta).“

d) Í stað a-liðar í FCL.235 kemur eftirfarandi:

„a) Með því að ljúka færniþrófi skulu umsækjendur um einkaflugmannsskírteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og viðhafa viðeigandi verklag og flugbrögð með hæfni sem hæfir veittum réttindum.“

e) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.625:

i. Eftirfarandi 4. liður bætist við í b-lið:

„4) Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar skulu hljóta fulla viðurkenningu fyrir hæfniprófið, eins og krafist er í þessum kafla, þegar þeir hafa gengist undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar, í samræmi við 10. viðbæti, í tengslum við blindflugsáritunina hjá flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar.“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Endurnýjun

Ef blindflugsáritun er útrunnin skulu umsækjendur uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að endurnýja réttindi sín:

1) Til að ákveða hvort upprifjunarþjálfun sé nauðsynleg fyrir umsækjandann til að öðlast þá hæfni sem krafist er til að standast blindflugshluta færniþrófsins, í samræmi við 9. viðbæti, skal hann gangast undir mat hjá öðru af eftirfarandi fyrirtækjum:

i. hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

ii. hjá flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar sem er sérstaklega viðurkenndur til að sinna slíkri upprifjunarþjálfun.

- 2) Ef fyrirtækið, sem sér um matið í samræmi við 1. lið, telur það nauðsynlegt skulu þeir ljúka upprifjunarþjálfun hjá því fyrirtæki.
- 3) Eftir að hafa uppfyllt ákvæði 1. liðar og, eftir því sem við á, 2. liðar, skulu þeir standast hæfnipróf, í samræmi við 9. viðbæti, eða gangast undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar, í samræmi við 10. viðbæti, í viðeigandi gerð loftfars; þetta mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar getur farið fram samhliða upprifjunarþjálfuninni sem tilgreind er í 2. lið,
- 4) Þeir skulu hafa undir höndum viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema annað sé tilgreint í þessum viðauka.“

iii. Í stað e- og f-liðar kemur eftirfarandi:

- „e) Handhafar gildrar blindflugsáritunar, sem er skráð í flugmannsskírteini sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, skulu undanþegnir því að uppfylla kröfurnar í 1. og 2. lið c-liðar og í d-lið þegar þeir endurnýja blindflugsréttindin sem skráð eru í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka.
- f) Hæfniprófið, sem tilgreint er í 3. lið c-liðar, má taka samhliða hæfniprófi fyrir endurnýjun á viðeigandi flokks- eða tegundaráritun.“

f) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið FCL.625.A:

i. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

- „2) standast hæfnipróf, í samræmi við 9. viðbæti, eða gangast undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar, í samræmi við 10. viðbæti, ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhliða framlengingu á flokks- eða tegundaráritun.“

ii. Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

- „4) Nota má flugleiðsögubjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðeigandi flokki eða tegund flugvélar, fyrir framlenginguna skv. 3. lið, svo fremi sem a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar fyrir flugvélar fari fram í flugvél.“

g) Í stað FCL.740 kemur eftirfarandi:

„FCL.740 Gildistími og endurnýjun flokks- og tegundaráritana

a) Gildistími

- 1) Gildistími flokks- og tegundaráritana skal vera eitt ár, nema hvað varðar flokksáritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, en gildistími þeirra skal vera tvö ár, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu. Ef flugmenn velja að uppfylla kröfur um framlengingu fyrr en mælt er fyrir um í FCL.740.A, FCL.740.H, FCL.740.PL og FCL.740.As skal nýi gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfniprófsins.
- 2) Umsækjendur um framlengingu á flokks- eða tegundaráritun skulu hljóta fulla viðurkenningu fyrir hæfniprófið, eins og krafist er í þessum kafla, þegar þeir hafa gengist undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar, í samræmi við 10. viðbæti, hjá flugrekanda sem hefur innleitt gagnadrifna flugþjálfun fyrir viðeigandi flokks- eða tegundaráritun.

b) Endurnýjun

Fyrir endurnýjun á flokks- eða tegundaráritun skulu umsækjendurnir uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- 1) Til að ákveða hvort upprifjunarþjálfun sé nauðsynleg fyrir umsækjanda til að öðlast þá hæfni til að tryggja örugga starfrækslu loftfars skal hann gangast undir mat hjá einu af eftirfarandi:
 - i. hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,
 - ii. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki ef útrunna áritunin varðaði flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu, flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur sem um getur í c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka,

- iii. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá kennara ef áritunin rann út í mesta lagi þremur árum áður og áritunin varðaði flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu eða flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu,
 - iv. hjá flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar sem er sérstaklega viðurkenndur til að sinna slíkri upprifjunarþjálfun.
- 2) Ef fyrirtækið eða kennarinn, sem sér um matið skv. 1. lið, telur það nauðsynlegt skulu þeir ljúka upprifjunarþjálfun hjá því fyrirtæki eða hjá þeim kennara.
 - 3) Eftir að hafa uppfyllt ákvæði 1. liðar og, eftir því sem við á, 2. liðar, skulu þeir standast hæfnipróf, í samræmi við 9. viðbæti, eða gangast undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar í samræmi við 10. viðbæti. Þetta mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar getur farið fram samhliða upprifjunarþjálfuninni sem tilgreind er í 2. lið.

Þrátt fyrir 1. og 2. og 3. lið b-liðar skulu flugmenn, sem eru handhafar reynsluflugsáritunar sem gefin er út í samræmi við FCL.820 og sem tóku þátt í reynsluflugi á þróunar-, vottunar- eða framleiðslustigi fyrir loftfarstegund og hafa lokið annaðhvort 50 klst. heildarfartíma eða 10 klst. fartíma sem flugstjórar í reynsluflugi á þeirri tegund á næstliðnu ári fyrir dagsetningu umsóknar, hafa rétt til þess að sækja um framlengingu gildistíma eða endurnýjun á viðeigandi tegundaráritun.

Umsækjendur skulu hljóta undanþágu frá kröfunni í 1. og 2. lið b-liðar ef þeir hafa gilda áritun fyrir sama flokk eða tegund loftfars á flugmannsskírteini sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn og ef þeir hafa rétt til að neyta þeirra réttinda sem sú áritun veitir.

- c) Flugmenn sem yfirgefa áætlun um gagnadrifna flugþjálfun flugrekanda eftir að hafa mistekist að sýna fram á viðunandi hæfnistig í samræmi við þá áætlun um gagnadrifna flugþjálfun skulu ekki neyta þeirra réttinda sem sú tegundaráritun veitir fyrr en þeir hafa uppfyllt eitt af eftirfarandi:
 - 1) þeir hafi gengist undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar í samræmi við 10. viðbæti,
 - 2) þeir hafi staðist hæfnipróf í samræmi við 3. lið c-liðar FCL.625 eða 3. lið b-liðar FCL.740, eftir því sem við á. Í slíku tilviki skulu ákvæði 4. liðar b-liðar FCL.625 og 2. liðar a-liðar FCL.740 ekki koma til framkvæmda.“
- h) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.720.A:
 - i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur um fyrstu útgáfu réttinda til að starfrækja einstjórnarflugvél í fjölstjórnarumhverfi, annaðhvort þegar þeir sækja um útgáfu flokks- eða tegundaráritunar eða þegar þeir fá viðbætur við fyrirliggjandi réttindi flokks- eða tegundaráritunar fyrir starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, skulu uppfylla kröfur 4. liðar b-liðar og, áður en þeir hefja þátttöku í viðeigandi þjálfunarnámskeiði, kröfur 5. liðar b-liðar.“

- 2) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) Flókna einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu

Umsækjendur um útgáfu tegundaráritunar fyrir flókna einstjórnarflugvél, sem er flokkuð með mikla afkastagetu, skulu, til viðbótar við að uppfylla kröfurnar í 2. lið, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- i. þeir skulu hafa undir höndum eða hafa haft undir höndum blindflugsáritun á eins hreyfils eða fjölhreyfla flugvélar, eftir því sem við á og í samræmi við G-kafla,
- ii. fyrir útgáfu fyrstu tegundaráritunar skulu þeir, áður en þeir byrja á þjálfunarnámskeiði fyrir tegundaráritun, uppfylla kröfurnar í 5. lið b-liðar.“

- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
- 1) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur um útgáfu fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarflugvél skulu vera flugnemar sem á sama tíma gangast undir þjálfun á MPL-þjálfunarnámskeiði eða skulu, áður en þeir byrja á þjálfunarnámskeiði fyrir tegundaráritun, uppfylla eftirfarandi kröfur:“.
 - 2) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) hafa lokið þjálfunarnámskeiðinu, sem tilgreint er í FCL.745.A, nema þeir uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

 - i. innan undanfarinna þriggja ára skulu þeir hafa lokið þjálfun og mati á hæfni í samræmi við ORO.FC.220 og ORO.FC.230 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012,
 - ii. þeir skulu hafa lokið þjálfuninni sem tilgreind er í ii. lið 1. liðar e-liðar í FCL.915.“
- i) Í stað 1. liðar a-liðar í FCL.740.A kemur eftirfarandi:
- „1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti eða hafa gengist undir mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar í samræmi við 10. viðbæti fyrir viðeigandi flokk eða tegund flugvélar eða í flughermisþjálfu, sem líkir eftir þeim flokki eða tegund, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út og“.
- j) Í stað FCL.905.TRI kemur eftirfarandi:
- „FCL.905.TRI Tegundarkennari (TRI) — Réttindi og skilyrði
- a) Réttindi tegundarkennara eru að veita kennslu fyrir:
 - 1) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að tegundarkennarinn hafi gilda blindflugsáritun,
 - 2) útgáfu vottorða tegundarkennara eða flugþjálfakennara, að því tilskildu að handhafinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. hafi a.m.k. 50 klukkustunda reynslu af flugkennslu sem tegundarkennari eða flugþjálfakennari í samræmi við þessa reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 965/2012,
 - ii. hafi kennt verklega hlutann á viðeigandi hluta tegundarkennaranámskeiðsins, í samræmi við 3. lið a-liðar FCL.930.TRI, með fullnægjandi hætti að mati skólastjóra samþykks þjálfunarfyrtækis,
 - 3) hvað varðar tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar:
 - i. útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, að því tilskildu að umsækjandinn sækir um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi;

veita má tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)) viðbótarréttindi þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir á flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að tegundarkennarinn uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

 - A) hann er eða hefur verið handhafi tegundarkennaravottorðs á fjölstjórnarflugvélar,
 - B) hann hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við FCL.930.MCCI,
 - ii. grunnstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini (MPL-skírteini), að því tilskildu að hann hafi viðbótarréttindi sem taka til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hann er eða hefur verið handhafi vottorðs flugkennara á flugvélar (FI(A)) eða blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)),
 - 4) hvað varðar tegundarkennara fyrir fjölstjórnarflugvélar:
 - i. útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir:
 - A) fjölstjórnarflugvélar,
 - B) flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi,

- ii. þjálfun í áhafnarsamstarfi,
 - iii. grunn-, milli- og framhaldsstig námskeiðs fyrir MPL-skírteini, að því tilskildu, hvað varðar grunnstigið, að hann sé eða hafi verið handhafi vottorðs flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar,
- 5) hvað varðar tegundarkennara á þylur:
- i. útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir þylur,
 - ii. þjálfun í áhafnarsamstarfi, að því tilskildu að hann hafi tegundaráritun fyrir fjölstjórnaþylur,
 - iii. viðbótarréttindi við blindflugsáritun fyrir eins hreyfils þylur þannig að þau taki til blindflugsáritunar fyrir fjölhreyfla þylur,
- 6) hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur:
- i. útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir vænghnitur,
 - ii. þjálfun í áhafnarsamstarfi.
- b) Réttindi tegundarkennara fela í sér réttindi til að framkvæma mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar hjá flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar, að því tilskildu að kennarinn uppfylli kröfurnar í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um samræmingarnámskeið kennara gagnadrifinnar flugþjálfunar hjá viðkomandi flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar.“
- k) Eftirfarandi e-liður bætist við FCL.905.SFI:
- „e) Réttindi flugþjálfakennara fela í sér réttindi til að framkvæma mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar hjá flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar, að því tilskildu að kennarinn uppfylli kröfurnar í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um samræmingarnámskeið kennara gagnadrifinnar flugþjálfunar hjá viðkomandi flugrekanda gagnadrifinnar flugþjálfunar.“
- l) Í stað a-liðar í FCL.930.SFI kemur eftirfarandi:
- „a) Námskeiðið fyrir flugþjálfakennara skal fela í sér:
- 1) flughermisþjálfahluta viðeigandi námskeiðs til tegundaráritunar,
 - 2) viðeigandi hluta tækniþjálfunarinnar og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,
 - 3) 25 tíma í náms- og kennslufræði.“
- m) Í stað a-liðar í FCL.1015 kemur eftirfarandi:
- „a) Umsækjandi um prófdómaravottorð skal fara á samræmingarnámskeið sem lögbært yfirvald eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.“
- n) Í stað 1. og 2. liðar og inngangsorða 3. liðar b-liðar í FCL.1025 kemur eftirfarandi:
- „1) hafa framkvæmt a.m.k. sex færniþróf, hæfniþróf, hæfnismöt eða mat á fösum gagnadrifinnar flugþjálfunar í áfanga gagnadrifinnar flugþjálfunar, sem um getur í ORO.FC.231 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, áður en vottorðið fellur úr gildi,
- 2) hafa lokið, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara sem lögbæra yfirvaldið heldur eða sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt er af lögbæra yfirvaldinu,
- 3) hafa framkvæmt, á næstliðnum 12 mánuðum áður en prófdómaravottorðið fellur úr gildi, eitt af færniþrófunum, hæfniþrófunum, hæfnismötunum eða mat á fösum gagnadrifinnar flugþjálfunar, í samræmi við 1. lið, og skulu.“
- o) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið FCL.1010.SFE:
- i. Í stað ii. liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi tegund flugvélar og“.
 - ii. Í stað ii. liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi flokk eða tegund flugvélar og“.

p) Ákvæðum 1. viðbætur er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. LAPL- og PPL-skrírteini“.

ii. Í stað liða 1.1, 1.2, 1.3 og 1.4 kemur eftirfarandi:

„1.1. Fyrir útgáfu LAPL-skrírteinis skal handhafi LAPL-skrírteinis á aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.120.

1.2. Fyrir útgáfu LAPL-skrírteinis eða PPL-skrírteinis skulu handhafar PPL-skrírteinis, CPL-skrírteinis eða ATPL-skrírteinis á aðra gerð loftfars hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.215. Þessi viðurkenning skal einnig gilda um umsækjendur um LAPL- eða PPL-skrírteini sem eru handhafar BPL-skrírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða SPL-skrírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, þó skal ekki veita viðurkenningu fyrir námsgreinina „flugleiðsaga“.

1.3. Fyrir útgáfu PPL-skrírteinis skal handhafi LAPL-skrírteinis fyrir sömu gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu.

1.4. Til að handhafar SPL-skrírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, með réttindi til að fljúga ferðavélsvíflugum, geti fengið útgefið LAPL(A)-skírteini skulu þeir, þrátt fyrir lið 1.2, sýna fram á fullnægjandi bóklega þekkingu á eins hreyfils landflugvélum með bulluhreyfli í samræmi við 2. lið a-liðar FCL.135.A.“

iii. Í stað liðar 4.1 kemur eftirfarandi:

„4.1. Umsækjendur um blindflugsáritun eða grunnblindflugsáritun, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL-skrírteini á sömu gerð loftfars, skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

— mannleg geta,

— veðurfræði,

— fjarskipti.“

q) Í stað b-liðar 9. liðar í A-þætti 3. viðbætur kemur eftirfarandi:

„b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC); blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími sem flugstjóri að hámarki upp að 20 fartímum.“

r) Í stað 2. liðar í A-þætti 6. viðbætur kemur eftirfarandi:

„2) Umsækjendur um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skulu hafa PPL(A)- eða CPL(A)-skírteini. Umsækjendur um áfangann um verkferla í blindflugi, sem eru ekki handhafar CPL(A)-skírteinis, skulu hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum.

Samþykktá þjálfunarfyrrtækið skal ábyrgjast að umsækjandi um fjölhreyfla blindflugsnámskeið fyrir flugvélar, sem hefur ekki haft með höndum skírteini með flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla flugvél, hafi hlotið þjálfun fyrir fjölhreyfla flugvél samkvæmt H-kafla áður en hann getur hafið flugþjálfun á blindflugsnámskeiðinu.“

s) Ákvæðum B-þáttar 9. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar í k-lið kemur eftirfarandi:

	„(1)		(2)		(3)		(4)		(5)	
	Tegund starfrækslu									
Tegund lofifars	SP (einstjórnar)		MP (fjölstjórnar)		SP → MP (fyrsta skipti)		MP → SP (fyrsta skipti)		SP + MP	
	Þjálfun	Prófun/mat á hæfni	Þjálfun	Prófun/mat á hæfni	Þjálfun	Prófun/mat á hæfni	Þjálfun, prófun og mat á hæfni (eins hreyfils flugvélar)	Þjálfun, prófun og mat á hæfni (fjölhreyflaflugvélar)	Eins hreyfils flugvélar	Fjölhreyflaflugvélar
Fyrsta útgáfa:										
Allar (fyrir utan flókna einstjórnarflugvél)	1.-6. hluti	1.-6. hluti	Áhafnarsamstarf (MCC) Stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM) Mannlegir þættir Hættu- og mistakastjórnun (TEM) 1.-7. hluti	1.-6. hluti	Áhafnarsamstarf (MCC) Stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM) Mannlegir þættir Hættu- og mistakastjórnun (TEM) 7. hluti	1.-6. hluti	liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	liður 1.6 og 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B		
Flókin einstjórnarflugvél	1.-7.	1.-6.								
Framlenging										
Allar	Á ekki við	1.-6. hluti	Á ekki við	1.-6. hluti	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Fjölstjórnarstarfræksla (MPO): 1.-7. hluti (þjálfun) 1.-6. hluti (mat á hæfni) Starfræksla í einstjórnarumhverfi (SPO): liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	Fjölstjórnarstarfræksla (MPO): 1.-7. hluti (þjálfun) 1.-6. hluti (mat á hæfni) Starfræksla í einstjórnarumhverfi (SPO): liður 1.6 og 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B

Endurnýjun										
Allar	FCL.740	1.-6. hluti	FCL.740	1.-6. hluti	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framlengingu	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framlengingu“.

2) Í stað raðar 7.2.2 (æfingar) í töflunni í 1-lið kemur eftirfarandi:

„7.2.2.	Eftirfarandi æfingar í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu: — viðbrögð við hárrí nefstöðu (e. <i>nose-high</i>) við mismunandi beygjuhalla og — viðbrögð við lágrí nefstöðu (e. <i>nose-low</i>) við mismunandi beygjuhalla.	P	X	Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu“.			
---------	--	---	---	---	--	--	--

t) Eftirfarandi 10. viðbætur bætist við:

„10. viðbætur

Framlenging og endurnýjun tegundaráritana og framlenging og endurnýjun blindflugsáritana þegar það er gert samtímis og tegundaráritanir eru framlengdar eða endurnýjaðar — mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar

A – Almenn

1. Einungis skal ljúka framlengingu og endurnýjun tegundaráritana og framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana þegar það er gert samtímis og tegundaráritanir eru framlengdar eða endurnýjaðar, í samræmi við þennan viðbæti, hjá flugrekendum gagnadrifinnar flugþjálfunar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) þeir hafa komið á fót áætlun um gagnadrifna flugþjálfun sem varðar viðkomandi tegundaráritun eða blindflugsáritun í samræmi við ORO.FC.231 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012,
 - b) þeir hafa a.m.k. þriggja ára reynslu í að framfylgja blandaðri áætlun um gagnadrifna flugþjálfun,
 - c) fyrirtækið hafi skipað stjórnanda gagnadrifinnar flugþjálfunar fyrir hverja tegundaráritun innan áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun. Stjórnendur gagnadrifinnar flugþjálfunar skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
 - i. þeir skulu hafa prófdómararéttindi fyrir viðeigandi tegundaráritun,
 - ii. þeir skulu hafa víðtæka reynslu í þjálfun sem kennari fyrir viðeigandi tegundaráritun,
 - iii. þeir skulu annaðhvort vera einstaklingurinn, sem er tilnefndur í samræmi við 2. lið a-liðar ORO.AOC.135 (ORO-hluta) í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða staðgengill þess einstaklings.
2. Stjórnandi gagnadrifinnar flugþjálfunar, sem er ábyrgur fyrir viðeigandi tegundaráritun, skal tryggja að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum viðauka um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir framlengingu eða endurnýjun viðkomandi áritunar.
3. Umsækjendur, sem óska eftir því að framlengja eða endurnýja áritun í samræmi við þennan viðbæti, skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) þeir skulu vera skráðir í áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun,
 - b) ef um er að ræða framlengingu gildistíma áritunar skulu þeir ljúka áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun innan gildistíma viðeigandi áritunar,
 - c) ef um er að ræða endurnýjun á áritun skulu þeir fylgja verklagsreglum sem flugrekandi gagnadrifinnar flugþjálfunar hefur þróað í samræmi við 5. lið a-liðar ORO.FC.231 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
4. Framlenging eða endurnýjun á áritun í samræmi við þennan viðbæti skal fela í sér allt eftirfarandi:
 - a) samfellt mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar innan áætlunar um gagnadrifna flugþjálfun,
 - b) sýnt fram á viðunandi stig frammistöðu í hæfni,
 - c) stjórnásluaðgerð, með tilliti til framlengingar gildistíma eða endurnýjunar skírteinis, þar sem stjórnandi gagnadrifinnar flugþjálfunar, sem ber ábyrgð á viðeigandi tegundaráritun, skal gera allt eftirfarandi:
 - 1) tryggja að kröfurnar í FCL.1030 séu uppfylltar,

- 2) Þegar hann starfar í samræmi við 2. lið b-liðar FCL.1030, skrá í skírteini umsækjandans nýjan gildistíma fyrir áritunina. Annar einstaklingur getur séð um skráninguna fyrir hönd stjórnanda gagnadrifinnar flugþjálfunar ef sá einstaklingur hefur fengið heimild frá stjórnanda gagnadrifinnar flugþjálfunar til að gera svo í samræmi við verklagsreglurnar um áætlun um gagnadrifna flugþjálfun.

B – Framkvæmd mats á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar

Framkvæma skal mat á verklegum þáttum gagnadrifinnar flugþjálfunar í samræmi við áætlun flugrekandans um gagnadrifna flugþjálfun.“

- 2) Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) er breytt sem hér segir:

- a) Í stað ARA.GEN.125 kemur eftirfarandi:

„ARA.GEN.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

- a) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, innan 30 daga frá því yfirvaldinu varð kunnugt um vandamálin.
- b) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*) og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal lögbæra yfirvaldið veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundna gagnagrunninum.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“

- b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ARA.GEN.135:

- i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

- „a) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal lögbæra yfirvaldið innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.
- b) Flugöryggisstofnunin skal innleiða kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar, sem henni berast um öryggismál, og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni, án ótilhlýðilegrar tafar, allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til og sem eru nauðsynlegar til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, úppsettum búnaði, aðilum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.“

- ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

- „d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum aðilum eða fyrirtækjum sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.“

- c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ARA.GEN.200:

- i. Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

- „1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og leiðum til að samrýmast reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar; verklagsreglur skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni.“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, hvort sem það er innan aðildarríkisins eða í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingum:

- 1) um öll frávik sem koma upp og eftirfylgnaaðgerðum til úrbóta, sem gripið er til í kjölfar slíkra frávika og framfylgdarráðstafana í tengslum við efirlit með aðilum og fyrirtækjum sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá eða hafa gefið út yfirlýsingu til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnunarinnar,
- 2) sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik, eins og krafist er í ORA.GEN.160 í VII. viðauka.“

d) Í stað ARA.GEN.210 kemur eftirfarandi:

„ARA.GEN.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

- a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt til að endurspeglar tímanlega allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.“

e) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ARA.FCL.200:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Skráning prófdómara í skírteini. Áður en prófdómara er veitt sérstök heimild til að framlengja eða endurnýja áritanir eða vottorð skal lögbæra yfirvaldið þróa viðeigandi verklag.“

ii. Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) ii. lið 4. liðar a-liðar í BFCL.315 og 2. lið a-liðar í BFCL.360 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 og“.

f) Í VIII. viðbæti koma orðin „EASA-eyðublað 157 — 2. útgáfa“ í stað orðanna „EASA-eyðublað XXX, 2. útgáfa“.

3) Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað ORA.GEN.160 kemur eftirfarandi:

„ORA.GEN.160 Tilkynning atvika

- a) Fyrirtækið skal koma á og viðhalda tilkynningarkerfi um atvik, þ.m.t. skyldubundnar og valfrjálssar tilkynningar, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu. Að því er varðar fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki skal þetta kerfi uppfylla kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og reglugerð (ESB) 2018/1139 sem og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli þeirra reglugerða.
- b) Fyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu og, ef loftfarið er ekki skráð í aðildarríki, skráningarríkinu um alla atburði eða aðstæður sem tengjast öryggi sem stofna eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu, einkum slys eða alvarlegt flugatvik.

- c) Með fyrirvara um b-lið skal fyrirtækið tilkynna lögbæra yfirvaldinu og handhafa hönnunarsamþykkis fyrir loftfarið um öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar, sem er að finna í gögnum sem ákvörðuð eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, eða aðrar óvenjulegar aðstæður sem hafa stofnað eða kunna að hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik.
- d) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu tilkynningar í samræmi við c-lið:
- 1) sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður áskynja um þann atburð eða það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,
 - 2) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar, eins og skilgreint er í ORA.GEN.105,
 - 3) hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um.
- e) Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa ekki höfuðstöðvar sínar í aðildarríki:
- 1) skulu fyrstu skyldubundnu tilkynningarnar:
 - i. tryggja að trúnaður hvíli yfir nafni þess sem tilkynnir og einstaklinganna, sem nefndir eru í tilkynningunni, með viðeigandi hætti,
 - ii. sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður vart við atvikið nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,
 - iii. vera á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar,
 - iv. hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um,
 - 2) þar sem við á, skal fyrirtækið senda inn skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni og um leið og þær aðgerðir liggja fyrir skulu þessar skýrslur til eftirfylgni:
 - i. sendar viðkomandi aðilum sem tóku við upphaflegu tilkynningunni í samræmi við b- og c-lið,
 - ii. sendar inn á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar.“
- b) Í stað 7. liðar a-liðar í ORA.GEN.200 kemur eftirfarandi:
- „7) allar viðbótarkröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014 sem og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli þeirra.“

II. VIÐAUKI

Ákvæði I. og VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði I. viðauka (FCL-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar b-liðar í FCL.025 kemur eftirfarandi:

„3) Ef umsækjandi um bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (bóklegt ATPL-próf) eða um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis (CPL-skírteini) eða blindflugsáritunar (IR) hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skal hann þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.“

b) Í stað 4. liðar b-liðar í FCL.025 kemur eftirfarandi:

„4) Ef umsækjendur um útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL-skírteinis) eða einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis) hafa ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hafa ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skulu þeir þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.“

c) Í 5. lið b-liðar í FCL.035 kemur vísun í „A-lið ii. liðar 2. liðar í a-lið FCL.720.A“ í stað vísunar í „i. lið 2. liðar í b-lið FCL.720.A.“

d) Ákvæðum B-þáttar 9. viðbætur er breytt sem hér segir:

Í i. lið 6. liðar kemur vísun í „c-lið í FCL.720.A“ í stað vísunar í „e-lið í FCL.720.A“.

2) Ákvæði VI. viðauka (ARA-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

Í I. viðbæti, í reit XIII í sniðmáttinu, á eftir fyrirsögninni „Bls. 3“ kemur vísun í „a-lið 2. mgr. 3. gr. b“ í stað vísunar í „b-lið 2. mgr. 3. gr. b“.